

Enska vorönn 2020 6 bekkur

Kennarar: Erla Björk Pálsdóttir; Stefán Andri Gunnarsson

6

Lýsing

Vorönn í ensku.

Viðfangsefni

Enska áætlun vorönn 2020

Lok janúar til febrúar

Klárum Fun and Entertainment í Ready for Action.

Lestur, orðaforði, ritun, spil, hlustun og fleira.

Námsmatsverkefni The band (ritun, kynning og sköpun)

Oliver Twist. Febrúar-Mars

Lesum kaflana, glósum orð og persónur og verkefni úr köflunum

Horfum einnig á myndina.

Námsmatsverkefni úr Oliver Twist

mars – apríl

Space kaflinn í Ready for action

Lýsingarorð, orðaforði, lestur, ritun, sköpun.

Nokkur smærri verkefni og eitt stærra námsmatsverkefni.

apríl -maí

Job kaflinn í Ready for action.

Hlustun, tal, ritun, sköpun, orðaforði og fleira.

Nokkur smærri verkefni sem æfa tal og hlustun.

Í lokin

Námsmat, vorpróf eða vorverkefni.

Námsmat

Námsmatsverkefni úr þeim(köflum), vorverkefni/próf og ástundun

Spjaldtölvur

ýmis öpp

Classroom

popplet

book creator.

Snæ - Enska - 6. bekkur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Snæ - Enska - 6. bekkur - Hlustun

- skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- hlustað eftir einstökum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- skilið einföld samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og byrjað að nýta sér í ræðu og riti,

Snæ - Enska - 6. bekkur - Lesskilningur

- lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.
- fundið einfaldar lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,

Snæ - Enska - 6. bekkur - Ritun

- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, stafsett nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,
- lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað með einföldum algengum orðaforða
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Snæ - Enska - 6. bekkur - Samskipti

- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,

Snæ - Enska - 6. bekkur - Frásögn

- tjáð sig um það sem við kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á skiljanlegu máli

- flutt einfalda undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra

Snæ - Enska - 6. bekkur - Menningarläsi

- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra

Snæ - Enska - 6. bekkur - Náms hæfni

- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,
- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur